

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um að hefja skipulagsferli vegna húsnæðisuppbyggingar á Geldinganesi

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði að hefja skipulagsferli vegna húsnæðisuppbyggingar á Geldinganesi með áherslu á íbúðauppbýggingu. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að gera tillögu að breyttu Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna þessa. Umhverfis- og skipulagssviði verði einnig falið að beita sér fyrir því að hönnun og lega mislægra gatnamóta yfir Geldinganes vegna lagningar Sundabrautar verði útfærð þannig að gatnamótin anni umferð vegna íbúðabygðar og tryggi hagsmuni fjölbreyttra ferðamáta.

Greinargerð

Vinna við valkostagreiningu um legu Sundabrautar er langt komin og fyrir liggur að taka ákvörðun um hvar Sundabraut fari yfir Geldinganes og hvernig mislæg gatnamót á Geldinganesi verði hönnuð. Ýmsar gerðir mislægra gatnamóta koma til greina, allt eftir þeim umferðapunga sem gatnamótunum er ætlað að anna og hvernig nærumhverfi er skipulagt. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg lýsi yfir skýrri afstöðu sinni gagnvart Vegagerðinni um að gatnamótunum sé ætlað að anna umferð fyrir íbúabygð á Geldinganesi og að tryggt verði að hjóla- og gönguleiðir séu hannaðar samhliða. Ljóst er að Sundabraut verður ekki tekin í gagnið fyrir en 2032 í fyrsta lagi miðað við áætlanir stjórnvalda. Hinsvegar er mikilvægt að tryggja þessa hagsmuni með skýrri afstöðu borgarstjórnar núna strax þegar verkefnið er á hönnunarstigi enda um þannig mannvirki að ræða að því verður ekki breytt eftir á.